

Egilsstaðir, 23. febrúar 2021

Efni: Umsögn Skógræktarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 (markmið um kolefnishlutleysi); mál nr. 37/2021.

Skógræktin þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 (markmið um kolefnishlutleysi); mál nr. 37/2021 í Samráðsgáttinni. Skógræktin fagnar metnaði íslenskra stjórnvalda til að lögfesta markmiðið um að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040. Enn fremur fagnar hún því markmiði, að láta ekki staðar numið við kolefnishlutleysi eftir 18-19 ár, heldur að til lengri framtíðar verði nettólosun Íslands neikvæð, þ.e. að kolefnisbinding á Íslandi verði meiri en losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Skógræktin tekur undir þess áform, en vill benda á ýmis atriði sem huga þarf vandlega að á þeirri vegferð sem framundan er ef sá árangur á að nást sem stefnt er að.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að til að ná megi kolefnishlutleysi skipti mestu máli að draga hratt úr beinni losun, en engu að síður muni bætt landnotkun (þ.á.m. skógrækt) skipta miklu máli til þess að kolefnishlutleysi náist. Til þess að hægt sé að meta árangur aðgerða sem tengjast landnotkun verða upplýsingar sem liggja fyrir að vera áreiðanlegar, staðfestanlegar og lúta samræmdum leikreglum. Gæði upplýsinga sem varða bindingu vegna skógræktar uppfylla að mestu þessar kröfur, eins og raunar kemur fram í greinargerðinni - þó vissulega megi og þurfi að gera enn betur. Skógræktin hefur á undanförunum árum byggt upp þekkingargrunn á bindingu skóga bæði með rannsóknum og í gegnum verkefnið Íslenska skógarúttekt¹. Skógarkolefni² er síðan verkefni sem Skógræktin hefur hrundið af stað til að koma á fót viðurkenndu ferli vottunar á bindingu kolefnis með nýskógrækt. Skógræktin mun gera þá ófrávíkjanlegu kröfu að kolefnisbinding undir Skógarkolefni verði vottuð af óháðum þriðja aðila og skráð í Loftlagsskrá Íslands. Aðeins með því móti verður fullyrt að verið sé að fara eftir alþjóðlegum stöðlum og reglum.

Aðrar stofnanir hafa unnið að því að byggja upp svipaðan þekkingargrunn, en eiga enn nokkuð í land hvað varðar nákvæmni og áreiðanleika upplýsinga þegar kemur að losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda frá öðrum aðgerðum og landnýtingarflokkum. Enn ríkir mikil óvissa um mat á losun frá landi og möguleika til þess að snúa losun í bindingu.

¹ Íslensk skógarúttekt (ÍSÚ) <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknaverkefni/verkefni-i-vinnslu/islensk-skogaruttekt>

² Skógarkolefni. <https://www.skogur.is/is/nyskograekt/fraedsluefni/skogarkolefni>

Bæta verður verulega áreiðanleika og gæði magnbundinna upplýsinga um losun gróðurhúsalofttegunda og ávinning aðgerða vegna *allrar* landnotkunar, m.a. svo mögulegt sé að bera saman mögulegar leiðir, valkosti og aðgerðir með raunhæfum og ábyggilegum hætti.

Í greinargerðinni segir að *mat á árangri í áttina að kolefnishlutleysi er miðað við alþjóðlega viðurkennt loftslagsbókhald gagnvart Loftslagssamningnum*. Skógræktin saknar þess að í greinargerðinni er ekki vikið nánar að því hvernig framtal vegna þessa bókhaldskerfis losunar og bindingar á landi eigi að fara fram. Hvergi er vikið að því hvernig stjórnvöld geti eftt trúverðugleika framtalsins, t.a.m. með því að skapa ramma utan um kerfi til þess að votta losun og bindingu sem verður við aðgerðir í landnotkun. Með því aukast um leið líkurnar á að ná megi samhljóm og samstilltu átak stjórnvalda, atvinnulífs og alls almennings um að markmiðinu verði náð.

Í kafla 3.3. í greinargerð kemur fram að: *Þegar horft er til kolefnishlutleysis... verði miðað við að 1990 sem viðmiðunarár vegna losunar vegna landnotkunar (LULUCF)...* Miðað við þá skilgreiningu á kolefnishlutleysi sem lögð er til gengur engan vegin að miða LULUCF við árið 1990. Þá var mjög mikil losun frá rýru og rofnu landi sem notað var (og er enn) til beitar og frá framræstu landi. Ef ekki er tekið á því ástandi er tómt mál að tala um kolefnishlutleysi. Trúverðugleiki um kolefnishlutleysi verður ekki fyrir hendi. Í þeim efnum kann að þurfa að taka á erfiðum málum svo sem um fyrirkomulag beitar, en hjá því verður ekki komist ef árangurinn á að verða sá sem stefnt er að með lögfestingu kolefnishlutleysis. Í stað þess að miða „kolefnishlutleysi“ við nettó-stöðu losunar eða bindingar á einhverju tilteknu ári á síðustu öld (svo sem 1990), liggur beinast við að nota þá tiltölulega einföldu skilgreiningu sem lögð er til í sjálfu frumvarpinu: ***Kolefnishlutleysi: Kolefnishlutleysi lýsir ástandi þar sem jafnvægi hefur náðst milli losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis af mannavöldum og nettólosun er því núll.*** Kolefnishlutleysi – skv. þessari skilgreiningu – er óháð stöðu losunar eða bindingar á einhverju tilteknu „viðmiðunarári“. Það hlutleysi á árinu 2040 hlýtur að nást – eða ekki.

Samræma þarf einnig betur löggjöf og regluverk stjórnvalda sem beinist að þeim aðilum sem hafa vilja og getu til að leggja mikið af mörkum til að ná markmiðinu um kolefnishlutleysi, svo sem landeigendum (skógareigendum) og öðrum skógræktendum. Í þessu sambandi er vert að benda á ýmis frumvörp til laga sem nú eru til meðferðar á hinu háa Alþingi eða í kynningarferli á Samráðsgátt - sem eru mest til þess fallin að leggja íþyngjandi stjórnsýslulega steina í götu þessa fólks og að draga úr getu og löngun þeirra til þess að rækta skóg og binda kolefni – og ná þar með markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Má þar t.d. nefna breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem lagt er til að lækka hámarksstærð skógræktarsvæða sem falla

eiga undir mat á umhverfisáhrifum í 50 ha úr 200 ha³, breytingu á Jarðalögum⁴ þar sem skógrækt er ekki lengur flokkuð sem landbúnaður eða ræktun og því sett skör lægra en annar „landbúnaður“ eða önnur „ræktun“.

Virðingarfyllst, f.h. Skógræktarinnar,



Dr. Adalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri,
adalsteinn@skogur.is
Skógræktin,
700 Egilsstaðir
, GSM8987862

³ Drög að frumvarpi til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2899](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2899)

⁴ Frumvarp til laga um breytingar á jarðalögum, nr. 81/2004 (einföldun regluverks, vernd landbúnaðarlands, upplýsingaskylda o.fl.).
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0467.html>